

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 7. október 1981 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að 0,2 hektara stór spilda sunnan Súðavogs en austan Elliðavogs skuli breytast úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

13. október 1981.

Nr. 595.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 12. október 1981 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Patreksfjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Patrekshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

16. október 1981.

Nr. 596.

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Höfðahreppi, Skagaströnd.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Höfðahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum, og B-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og ganga frá gangstéttum.